

Réttlátir dómur og traust til Hæstaréttar

Eftir Gunnar Hrafn Birgisson

Eftir Gunnar Hrafn Birgisson: "Hér er verk að vinna við að koma á traustu æðsta dómssvaldi."

Á meðal þess sem Jón Steinar Gunnlaugsson hfr. (JSG) gagnrýnir við Hæstarétt (HR) er að fjöldi dómsmála sé þar „mokað út“ á kostnað gæða. Þessi fyrrverandi hæstaréttardómari segir málaflóðið og óvönduð vinnubrögð sumra dómara ógna réttaröryggi þeirra sem leggja mál sín í dóm réttarins.

Tölur á vef HR benda til þess að hver dómari kveði upp einn til tvo dóm á hverjum vinnudegi ársins. Þetta magn á mann vekur óneitanlega efasemdir um að dæmt sé með vönduðum hætti.

Hæstaréttardómarar stýra meðferð mála sem mörg hver eru viðamikil, flókin og erfið. Þeim er treyst til að leiða þau til réttláttra lykta með rökstuddum dómum. Við þessi störf hafa þeir að mörgu að hyggja. Þeir lesa t.d. gögn hvers máls, sem spanna yfirleitt hundruð til þúsunda blaðsíðna. Þeir hlusta á hljóðupptökur af aðilaskýrslum og vitnisburðum úr undirrétti. Þeir hlýða einnig á málfutning lögmannna. Dómurum er treyst fyrir því mikilvæga hlutverki að skera úr málum sem varða ágreining eða sakir. Við það er þeim ætlað að dæma heiðarlega og af réttvísni, í þeim tilgangi að enda deilur á milli manna. Allt slíkt krefst Igrundunar og vandvirkni. En gefst þeim tími í allt þetta?



Gunnar Hrafn Birgisson

Fyrir málsaðila sem fela hæstaréttardómurum mál sín til úrlausnar skiptir miklu máli að dómur sé vandaðir og orðalag þeirra endurspeglar góðan skilning dómara á málsatvikum og sýni að mál hafi verið krufin til mergjar. Sannindi hafi verið greind frá lygi, svikamyllur afhjúpaðar og á þeim tekið lögum samkvæmt. Þannig vönduð lögfræðvinnu í dómstórfum tekur sinn tíma en hefur líka góð áhrif. Slæmir dómur skapa hvorki fríð í samfélaginu né traust til réttarins.

Því að dæma í HR fylgir mikil ábyrgð. Dómur þaðan hafa mikil áhrif á líf margra og á allt samfélagið. Slæmir dómur geta orðið brotápolum, sem leitað hafa réttar síns, mikið áfall og jafnvel svo að skerði heilsu þeirra. Þannig dómur senda út vond skilaboð og standa sem góðkenning á rangindum og glæpum. Þeir virka sem hvatning á brotamenn til fleiri óhæfverka, en aftur á móti sem refsing á brotápoli. Við slæma dómur blasir óréttlætið við þeim sem vel þekja til mála.

Sérhver aðili sem áfrýjar máli til HR á rétt til vandaðrar úrvinnslu síns máls. JSG sýnir fram á ýmsa misbrestir á því.1) Skort hefur málefnaleg svör við rökstuddri gagnrýni hans bæði á málsmeðferð og efnistöð í sumum af dómum réttarins. Gagnrýni mín á óvönduð vinnubrögð réttarins stendur líka óhrakin.2)

Störf Hæstaréttar ættu að endurspeglar það að allir séu jafnir fyrir lögum. Með því myndi skapast traust til réttarins og við gætum búist við því að fá þaðan vandaða dómur í sérhverju máli. Hafid væri yfir allan vafa að dómur dæmdu heiðarlega og út frá bestu vitund og samvisku. Fullvissa ríkti um hlutleysi dómur, enda væru þeir kveðin upp óháð kollegatengslum, stjórnmálaskoðunum og annari sérgæslu.

Sérhver brotalómur á þessu rýrir traust til réttarins. En hvernig mælist það traust? Samkvæmt könnun Markaðs- og miðlarannsóknna frá nóvember 2014 kváðust 34,4% landsmanna treysta réttinum.3) Getur það talist ásættanleg útkoma?

Þrátt fyrir að traust mælist lágt hafa margir sér eins og HR sé óskeikull og það hefur sín áhrif. Rétturinn kemst upp með að svara engri gagnrýni og kemst hjá því að viðurkenna yfirsjónir og leiðrétt mistök sín. Hann biðst ekki afsökunar á neinu og bætir engum tjón. Endurupptökur hæstaréttarmála hafa lengi verið nánast útlokaðar. Viljum við svona réttarfar? Tími virðist til þess kominn að skoða hvort gera megi betur.

Þar kemur til kasta þingmanna sem hafa löggjafarvald Alþingis, einnar af þremur undirstöðum lýðræðis í landinu ásamt dómssvaldi og framkvæmdavaldi. Þar er veltvangur fyrir málefnalega umræðu um dómsskerfið og hvernig gera megi úrbætur á því. JSG brýnir þetta svona: „Þjóðin, og þá ekki síst þeir sem sitja á Alþingi Íslendinga, verður að skilja að þetta er eitt brýnasta, ég segi brýnasta, verkefnið í þjóðmálunum; að koma Hæstarétti landsins í lag. Þannig að menn þurfi ekki að eiga þaðan von á óvönduðum úrlausnum eins og verið hefur. Ég hef þá þjargföstu trú að ef allt er í lagi á þessari endastöð í réttarkerfinu verði svo margt annað í lagi í samfélaginu líka.“4)

Hér er verk að vinna við að koma á traustu æðsta dómssvaldi. Það varðar ekki bara löglærða, heldur kemur það fleirum við. Á meðan málefnaleg gagnrýni á HR er þöguð niður lagast ástandið ekki.

1) Jón Steinar Gunnlaugsson (2014). Í krafti sannfæringar: Saga lögmanns og dómara. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

2) Gunnar Hrafn Birgisson (2015). Hæstaréttarmál 603/2013: Svikamylla í gegnum réttarkerfið. <http://www.gunnarbirgisson.com/5035047.en.html>.

3) Sjá <http://mmr.is/frettil/birtar-nieurstoeur/431-mmr-konnun-traust-til-stofnana-a-svidhi-rettarfaras-og-domsmala>. Sótt 20. júní 2015.

4) Sjá <http://www.visir.is/jon-steinar-telur-ad-politikusar-eigi-ad-skipa-domara-vid-haestarett/article/2015150609009>. Sótt 20. júní 2015.

Höfundur er sálfræðingur og áhugamaður um réttarfar.